

**Ed.**

## **720. Frumvarp til laga**

um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samsiglingu íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að íslenzk skip eða önnur skip, leigð eða gerð út af íslenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

Nánari fyrirmæli um þetta efni skal setja í reglugerð.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, má veita undanþágu frá ákvæðum 1. gr., eftir því og með þeim hætti, er mælt verður í reglugerð, enda sé fyrir því séð, að hægt verði að afgreiða beiðnir um undanþágu án tafar á hverri útflutningshöfn.

3. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

4. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.